

Persónuverndarstefna fyrir TJEKK

GILDIR FRÁ: 11 NÓVEMBER 2024
SEINAST UPPFÆRT 17. DESEMBER 2024

TJEKK er snjallsímaforrit í eigu CatchUp ehf (hér eftir "við"). Við tökum persónuvernd viðskiptavina alvarlega og tryggjum að farið sé með upplýsingar á ábyrgan og öruggan hátt.

Markmið laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er að stuðla að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd.

Í lögunum kemur fram: „Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.“

UPPLÝSINGAR SEM VIÐ SÖFNUM

TJEKK safnar engum persónugreinanlegum upplýsingum um einstaklinga svo sem kennitölum, netföngum, staðsetningargögnum eða öðrum upplýsingum sem tengja mætti við einstakling.

TJEKK safnar og varðveitir einungis upplýsingar um fyrirtæki. Þessar upplýsingar eru aðeins notaðar til að:

- Veita fyrirtækjum aðgang að TJEKK.
- Tengja TJEKK við sölu- og birgðakerfi fyrirtækisins sem notar appið.

Athugið að TJEKK geymir engin gögn um birgðir eða sölu heldur einungis birtir þær upplýsingar.

HAFA SAMBAND

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir varðandi persónuvernd eða vinnslu gagna getur þú haft samband við okkur.

CatchUp
Fannafold 53
112 Reykjavík
Ísland

Kennitala: 541124-1440
Netfang: info@tjekk.is

CatchUp er ábyrgðaraðili og ber ábyrgð á tilgangi og aðferðum við vinnslu upplýsinga.